

Karlarkrísur

BÆKUR

Tvisvar á ævinni

eftir Ágúst Borgþór Sverrisson. 127 bls. Skrudda, 2004.

Í smásagnasafni Ágústs Borgþórs Sverrissonar, Tvisvar á ævinni, eru 9 smásögur. Flestar fjalla þær um karla í krísu, um miðaldra menn sem eru í þreyttum hjónaböndum og stunda jafnvel framhjáhald, ná engu sambandi við börnin sín og hafa glatað voninni um að draumarnir rætist. Í fyrstu sögunni í safninu, Mjólkr til spillis, segir frá manni sem bíður eftir sjálfum sér, bíður eftir að missa áhugann á djamminu svo hann geti farið að taka þátt í alvöru lífsins með sambýliskonunni (12). Á einu helgarslarkinu fer hann heim með konu og atburðir úr fortíðinni rifjast upp. Að auki verður dularfullt mannhvarf til þess að hann fer að hugsa sinn gang. Sagan er frekar slök og ómarkviss, aðalpersónan nær ekki að vekja áhuga eða samúð, draumar og sýnir virka ekki og mannhvarfið vekur enga spennu. Eftir sumarhúsið segir frá vinahjónum sem eru föst í viðjum vana og leiðinda. Þegar önnur hjónin láta gamlan draum rætast og byggja sér sumarhús blossar ástin upp á ný hjá þeim; kúgaður karl og öfluglynd kona breytast í tvær turtildúfur. Þá þurfa hin hjónin að endurskoða samband sitt. „Ást og hamingja, er það ekki bara spurning um val, er þetta ekki eitthvað sem fólk ákveður?“ (114) spyr karlinn þegar hann óttast að konan ætli að tala um að rækta sambandið, kirkjulegar hjónahelgar og hjónabandsráðgjafa. Sjálfur hefur hann lagt skáldagrillunum, er fjarlægur dætrum sínum og konunni og vill helst gleyma sér við að hlusta á rokkplötur úr fortíðinni. Í sögulok horfist hann í augu við að líf hans mun ekkert breytast. Eiginkona þýskukennarans segir frá örlögum Jóhanns þýskunema en hann flækist í net ráðríkrar stúlku sem nær tangarhaldi á honum. Túlkun sögunnar er að finna í titli hennar og harmurinn felst í því að stöðu Jóhanns í lokin má rekja til þess að hann lætur ráðskast með sig. Sektarskipti er ansi mögnuð saga þótt efni hennar sé gamalkunnugt: ólíkir bræður sem átt hafa lítið saman að sælda þurfa skyndilega hvor á öðrum að halda. Annar bróðirinn er spilltur og eigingjarn en hefur komið sér vel fyrir í lífinu, hinn er utangarðsmaður sem gerir hvað sem er fyrir peninga. Sagan er ágætlega byggð og við lesturinn vakna upp spurningar um sekt og samúð. Fyrsti dagur fjórðu viku er býsna burðug saga sem fjallar um mann sem hefur misst vinnuna og þarf að fóta sig að nýju í tilverunni. Tími sögunnar er bútaður niður til að draga fram hversu löturhægt tíminn líður í atvinnuleysinu. Í Hádegishléi 1976 er innsýn veitt í fjölskyldulíf þar sem faðirinn veður uppi með ofdrykkju og ofbeldi. Sjúkur hugur hans sér óvini í hverju horni og leitar sífellt að ástæðu til að skeyta skapi sínu á einhverjum. Sagan er gagnorð og áhrifamikil, birtir aðeins stutta svipmynd en gefur þeim mun meira í skyn og skilur eftir sig óhug hjá lesandanum. Álíka ógæfustemningu er að finna í síðustu sögunni í safninu, Sjoppa í vesturbænum..

Allar eru smásögur Ágústs Borgþórs hefðbundnar að byggingu og raunsæislegar. Söguhetjurnar hjakka í sama farinu vonlitlar um að nokkuð breytist í lífi þeirra. Þær eru allar milli vita, bíðandi eftir einhverju sem aldrei kemur. Sögurnar fjalla um svik, eymd, vonleysi og grimmd en hvorki stíll né efnistöð eru nógu frumleg eða krassandi til að ýta við lesandanum. „Skortir neista en vel gert“ (115) hugsar ein sögupersónan og hittir naglann á höfuðið.

Steinunn Inga Óttarsdóttir
<http://steinunninga.wordpress.com/>